

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Hörgárbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Hörgárbyggðar hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á sorpgjald í sveitarfélaginu fyrir árið 2007 skv. gjaldskrá þessari. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Sorpgjald íbúða er kr. 12.000 fyrir árið 2007. Til viðbótar við sorpgjald íbúða greiðir hvert lögbyli þar sem búskapur er stundaður kr. 6.000 fyrir árið 2007.

3. gr.

Gjald vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum og stofnunum er kr. 4,50 pr. kg án virðisaukaskatts.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt í sveitarstjórn Hörgárbyggðar 20. nóvember 2006 er sett samkvæmt ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2007 og kemur í stað gjaldskrár sama efnis frá 6. júní 2006.

Skv. 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 hefur Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra samþykkt ofangreinda gjaldskrá 6. desember 2006.

Hörgárbyggð, 19. desember 2006.

Guðmundur Sigvaldason sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2007